

Úrskurður 16/2008

Kærð er endurákvörðun tollstjóra sem birt var í úrskurði 53/2008. Hin kærða endurákvörðun tekur ýmissa þátta EUR-fríðindameðferðar í alls 26 vörusendingum. Kærandi krefst þess að endurákvörðunin verði felld úr gildi. Ríkistollanefnd féllst á kröfu kæranda í málinu

Með bréfi til ríkistollanefndar, dags. 19. desember 2008, sem barst nefndinni þann 29. s.m. kærir, L. f.h. A. úrskurð, tollstjóra nr. 53/2008. Í hinum kærða úrskurði dags. 31. október 2008 endurákvörðar tollstjóri gjöld af alls 26 sendingum sem tollafgreiddar voru á árinu 2004. Tollstjóri telur, eftir skoðun á gögnum innflytjanda, að hluti vörunnar hafi ekki uppfyllt skilyrði bókonar 4 við EES samninginn um fríðindameðferð, s.s. að upprunaland hafi verið rangt tilgreint og EUR verðmætayfirlýsingar sendinga hafi vantað eða verið ófullnægjandi eða yfir verðmætamörkum. Tollstjóri telur að vangreidd aðflutningsgjöld, ásamt dráttarvöxtum séu kr. 1.220.377-. Kærandi mótmælir endurákvörðuninni, telur hana haldna verulegum annmörkum og krefst þess að hinn kærði úrskurður verði ógiltur, til vara að nefndin felli úrskurðinn úr gildi og veiti kæranda áminningu og til þrautavara að dráttarvextir verði reiknaðir skv. 3. mgr.5. gr. vaxtalaga nr. 38/2001.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra nr. 53/2008 segir að í bréfi dags. 3. maí 2007, hafi fyrirtækinu verið gerð grein fyrir því að til þess gæti komið að embættið endurákvörðaði aðflutningsgjöld af neðangreindum sendingum sem A. hafi tollafgreitt í SMT (skjalasending milli tölva, hér eftir nefnt SMT). Ástæða fyrirhugaðrar endurákvörðunar var sú að fullgild EUR-yfirlýsing var ekki til staðar þegar innflutningur átti sér stað. Embættið gerði athugasemdir við reikninga, er upphaflega fylgdu neðangreindum aðflutningsskýrslum.

Forsvarsmönnum fyrirtækisins var gefinn kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og framvísa gögnum sem máli kynnu að skipta. Í kjölfarið barst embættinu bréf, dags. 30. nóvember 2007, frá lögmanni innflytjanda. Þann 20. maí 2008 bárust embættinu endurbætt gögn, varðandi ofangreint endurákvörðunarbréf (dags. 3. maí 2007). Móttaka þeirra endurbættu gagna sem lögð voru fram vegna neðangreindra sendinga eru endurútgefin eintök af sömu reikningum, þar sem það á við, með EUR yfirlýsingu undirritaðri af útflytjanda og nafni þess sem það gerir með skýrum stöfum, sbr. IV. viðauka) við bókun 4 við EES – samninginn.

Yfirlýsingar þær um uppruna vörunnar sem gefnar eru á reikningum fyrirtækisins Intersport AB eru með öðru letri en aðrar upplýsingar á reikningunum. Það er því augljóst að yfirlýsingarnar voru ekki gefnar út samhliða þeim. Það er ekkert í fríverslunarsamningunum sem bannar slíkt; enda komi fram undir þeim staður og dagsetning þegar yfirlýsingin er gefin. Að auki skal útflytjandi undirrita yfirlýsinguna og nafn þess sem það gerir þarf að koma fram með skýrum stöfum sbr. (4) tl. IV. viðauka) bókonar 4 við EES – samninginn um texta yfirlýsingar á vörureikningi.

Málið snýst um hvort fullgild EUR- yfirlýsing skv. bókun 4 við EES samninginn hafi legið fyrir á þeim tíma þegar innflutningurinn átti sér stað, þ.e. hvort innflytjandi mátti m.v. þau gögn sem hann hafði í höndum lýsa því yfir að um upprunavöru væri að ræða. Að mati tollstjóra var það ekki heimilt, enda kemur ekki fram dagsetning í þeirri EUR-yfirlýsingu sem innflytjandi hefur nú lagt fram.

Skráður móttakandi allra sendinganna samkvæmt farmskrá er A. Sendingar þessar voru tollafgreiddar skjalalaust með SMT tollafgreiðslu og eru frumgögn því í vörslu innflytjanda.

Sendingarnúmer:

Tollafgreiðsludagur:

S HEG 06 04 4 SE VAG W044

15.04.2004

P 150 07 09 4 IS B15 2321

09.09.2004

F 307 17 04 4 SE ARN W336

27.04.2004

S HEG 20 04 4 SE VAG W042

07.06.2004

S HEG 01 06 4 SE VAG W055

14.06.2004

F 307 17 11 4 SE ARN W177	22.11.2004
S ARN 28 09 4 SE VAG W066	03.11.2004
S HEG 30 11 4 SE VAG W047	02.12.2004
S HEG 19 10 4 SE VAG W038	28.10.2004
S HEG 17 11 4 SE VAG W032	02.12.2004
S HEG 15 06 4 SE VAG W030	24.06.2004
F 315 11 12 4 SE ARN W148	13.12.2004
F 307 25 09 4 SE ARN W316	27.09.2004
S HEG 24 08 4 DK AAR A002	11.10.2004
S ARN 14 09 4 DK AAR A007	07.10.2004
S HEG 15 12 4 SE VAG W041	15.12.2004
S HEG 20 04 4 SE AVG W040	06.05.2004
F 307 11 05 4 SE ARN 6836	13.05.2004
S ARN 22 06 4 DK AAR A003	25.06.2004
S HEG 29 06 4 DK AAR A002	13.07.2004
S HEG 22 09 4 DK AAR A010	18.10.2004
S HEG 20 04 4 DK AAR A002	05.05.2004
S ARN 13 04 4 DK AAR A004	13.05.2004
S HEG 02 11 4 DK AAR A004	18.11.2004
P 150 18 11 4 IS E20 3154	30.11.2004
D 810 17 09 4 GB EMA Z075	17.09.2004

S HEG 06 04 4 SE VAG W044

Að mati embættisins eru fyrirliggjandi EUR – yfirlýsingar vegna reikninga nr. 1119481 dags. 25.03.2004, nr.1119482 dags. 25.03.2004, nr. 1119492 dags. 25.03.2004, nr. 1119491 dags. 25.03.2004, nr. 1119489 dags. 25.03.2004 frá Intersport AB Sweden, ófullnægjandi. Reikningar þeir, er upphaflega fylgdu aðflutningsskýrslu og embættið gerði athugasemd við, voru dags. 25.03.04.

Embættið hefur yfirlýsing þau gögn sem fyrirtækið hefur nú framvísað vegna ofangreindrar sendingar, nánar tiltekið reikningar dags. 25.03.04. Um er að ræða endurútgefin eintök af sömu reikningum.

Yfirlýsingar um uppruna vörunnar á framlögðum gögnum, sem gefnar voru út á ofangreindum reikningum fyrirtækisins Intersport AB, eru með öðru letri en aðrar upplýsingar á reikningunum. Það er því augljóst að yfirlýsingarnar voru ekki gefnar út samhliða þeim. Það er ekkert í fráverslunarsamningunum sem bannar slíkt, enda komi fram við útgáfu yfirlýsingu eftir á undir þeim m.a. dagsetning, (að öðrum kosti gildir dagsetning reiknings, sbr. 3 tl. viðauka a) bókuar 4 við EES samninginn. Að auki skal útflytjandi undirrita yfirlýsinguna og nafn þess sem það gerir þarf að koma fram með skýrum stöfum, sjá IV. viðauka) við bókun 4 við EES samninginn (IV. viðauki við bókun 3 í samningi Íslands og EB).

Á yfirlýsingum þeim sem nú hefur verið framvísað kemur ekki fram dagsetning útgáfu. Því gildir skv. ofangreindu dagsetning reiknings um yfirlýsinguna. Sönnun á uppruna skal gilda í fjóra mánuði frá útgáfudegi í útflutningslandinu sbr. 23. gr. bókuar 4 við EES samninginn.

EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í ofangreindri sendingu er því hafnað. Greiða ber A-toll af vörum.

P 150 07 09 4 IS B15 2321

Að mati embættisins er fyrirliggjandi EUR – yfirlýsing vegna reiknings nr. 2029562 dags. 02.09.2004 frá Intersport AB Sweden, ófullnægjandi.

Reikningur sá, er upphaflega fylgdi aðflutningsskýrslu og embættið gerði athugasemd við, var dags. 02.09.04.

Embættið hefur yfirlýsing þau gögn sem fyrirtækið hefur nú framvísað vegna ofangreindrar sendingar, nánar tiltekið reikningur dags. 02.09.04. Um er að ræða endurútgefið eintak af sama reikning.

Yfirlýsing um uppruna vörunnar á framlögðum gögnum, sem gefin var út á ofangreindum reikningi fyrirtækisins Intersport AB, er með öðru letri en aðrar upplýsingar á reikningnum. Það er því augljóst að yfirlýsingin var ekki gefin út samhliða þeim. Það er ekkert í fráverslunarsamningunum sem bannar slíkt, enda komi fram við útgáfu yfirlýsingu eftir á undir þeim m.a. dagsetning, (að öðrum kosti gildir dagsetning reiknings, sbr. 3 tl. viðauka a)

bókunar 4 við EES samninginn. Að auki skal útflytjandi undirrita yfirlýsinguna og nafn þess sem það gerir þarf að koma fram með skýrum stöfum, sjá IV. viðauka) við bókun 4 við EES samninginn (IV. viðauki við bókun 3 í samningi Íslands og EB).

Á yfirlýsingu þeirri sem nú hefur verið framvísað kemur ekki fram dagsetning útgáfu. Því gildir skv. ofangreindu dagsetning reiknings um yfirlýsinguna. Sönnun á uppruna skal gilda í fjóra mánuði frá útgáfudegi í útflutningslandinu sbr. 23. gr. bókunar 4 við EES samninginn.

EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í ofangreindri sendingu er því hafnað. Greiða ber A-toll af vörunum.

F 307 17 04 4 SE ARN W336

Að mati embættisins er fyrirliggjandi EUR – yfirlýsing vegna reiknings nr. 1125539 dags. 15.04.2004 frá Intersport AB Sweden, ófullnægjandi.

Reikningur sá, er upphaflega fylgdi aðflutningsskýrslu og embættið gerði athugasemd við, var dags. 15.04.04.

Embættið hefur yfirfarið þau gögn sem fyrirtækið hefur nú framvísað vegna ofangreindrar sendingar, nánar tiltekið reikningur dags. 15.04.04. Um er að ræða endurútféið eintak af sama reikning.

Yfirlýsing um uppruna vörunnar á framlögðum gögnum, sem gefin var út á ofangreindum reikningi fyrirtækisins Intersport AB, er með öðru letri en aðrar upplýsingar á reikningnum. Það er því augljóst að yfirlýsingin var ekki gefin út samhliða þeim. Það er ekkert í fráverslunarsamningunum sem bannar slíkt, enda komi fram við útgáfu yfirlýsingu eftirá undir þeim m.a. dagsetning, (að öðrum kosti gildir dagsetning reiknings, sbr. 3 tl. viðauka a) bókunar 4 við EES samninginn. Að auki skal útflytjandi undirrita yfirlýsinguna og nafn þess sem það gerir þarf að koma fram með skýrum stöfum, sjá IV. viðauka) við bókun 4 við EES samninginn (IV. viðauki við bókun 3 í samningi Íslands og EB).

Á yfirlýsingu þeirri sem nú hefur verið framvísað kemur ekki fram dagsetning útgáfu. Því gildir skv. ofangreindu dagsetning reiknings um yfirlýsinguna. Sönnun á uppruna skal gilda í fjóra mánuði frá útgáfudegi í útflutningslandinu sbr. 23. gr. bókunar 4 við EES samninginn.

EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í ofangreindri sendingu er því hafnað. Greiða ber A-toll af vörunum.

S HEG 20 04 4 SE VAG W042

Engin gögn hafa borist vegna ofangreindrar sendingar. Úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda byggist því á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja.

Að mati embættisins eru fyrirliggjandi EUR – yfirlýsingar vegna reikninga nr. 90141885 dags. 13.04.04, nr. 90141886 dags. 13.04.04, nr. 90141884 dags. 13.04.04, frá Salomon Nordic AB Sweden, ófullnægjandi.

Reglur um útgáfu EUR.1. flutningsskírteina, EUR-MED flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikninga eru í bókun 4, IV. viðauka við EES – samninginn, sbr. Lög nr. 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt 6. mgr. 21. gr. bókunar 4, IV. viðauka við EES – samninginn skal yfirlýsing á vörureikningi eða yfirlýsing á EUR-MED vörureikningi gefin út með þeim hætti að útflytjandi vélritar, stimplar eða prentar á vörureikninginn, afhendingarseðillinn eða annað viðskiptaskjal yfirlýsingu með þeim texta sem fram kemur í IV. viðauka og IV. viðauka og skal hann nota útgáfu á einu tungumálanna sem um getur í þeim viðaukum í samræmi við ákvæði landslaga útflutningslandsins. Ef yfirlýsingin er handskrifuð skal skrifa með bleki og með prentstöfum.

Í 7. mgr. sömu greinar segir að á yfirlýsingu vörureikningi og yfirlýsingu á EUR-MED vörureikningi skal vera upprunaleg eiginhandarundirskrift útflytjanda. Þess skal þó ekki krafist að viðurkenndur útflytjandi í skilningi 22. gr., undirriti yfirlýsingu á vörureikningi, að því tilskildu að hann afhendi tollayfirvöldum í útflutningslandinu skriflega yfirlýsingu þess efnis að hann taki fulla ábyrgð á yfirlýsingunni á vörureikningnum eins og hann hafi undirritað hana með eigin hendi.

Í IV. viðauka) við bókun 4 við EES – samninginn er að finna þann texta sem fram á að koma á yfirlýsingu á vörureikningi en þar segir m.a.

“Undirskrift útflytjanda; auk þess þarf nafn þess sem undirritar yfirlýsinguna að koma fram með skýrum stöfum)4”

Nafn þess sem undirritar EUR – yfirlýsinguna á ofangreinda vörureikninga kemur ekki fram með skýrum stöfum. Samkvæmt ofansögðu geta fyrirliggjandi EUR – yfirlýsingar á ofangreindum vörureikningum því ekki talist fullnægjandi.

Greiða ber A-toll af vörunum.

S HEG 01 06 4 SE VAG W055

Að mati embættisins eru fyrirliggjandi EUR – yfirlýsingar vegna reikninga nr.2004764 dags. 18.05.2004, nr. 2004765 dags. 18.05.2004, nr. 2004766 dags. 18.05.2004, nr. 2004767 dags. 18.05.2004, nr. 2004768 dags. 18.05.2004, nr. 2004769 dags. 18.05.2004 , nr. 2004770 dags. 18.05.2004 frá Intersport AB Sweden, ófullnægjandi.

Reikningar þeir, er upphaflega fylgdu aðflutningsskýrslu og embættið gerði athugasemd við, voru dags. 18.05.2004.

Embættið hefur yfirfarið þau gögn sem fyrirtækið hefur nú framvísað vegna ofangreindrar sendingar, nánar tiltekið reikningar dags. 18.05.2004. Um er að ræða endurútgöfin eintök af sömu reikningum.

Yfirlýsingar um uppruna vörunnar á framlögðum gögnum, sem gefnar voru út á ofangreindum reikningum fyrirtækisins Intersport AB, eru með öðru letri en aðrar upplýsingar á reikningunum. Það er því augljóst að yfirlýsingarnar voru ekki gefnar út samhliða þeim. Það er ekkert í fríverslunarsamningunum sem bannar slíkt, enda komi fram við útgáfu yfirlýsingu eftir á undir þeim m.a. dagsetning, (að öðrum kosti gildir dagsetning reiknings, sbr. 3 tl. viðauka a) bókunar 4 við EES samninginn. Að auki skal útflytjandi undirrita yfirlýsinguna og nafn þess sem það gerir þarf að koma fram með skýrum stöfum, sjá IV. viðauka) við bókun 4 við EES samninginn (IV. viðauki við bókun 3 í samningi Íslands og EB).

Á yfirlýsingum þeim sem nú hefur verið framvísað kemur ekki fram dagsetning útgáfu. Því gildir skv. ofangreindu dagsetning reiknings um yfirlýsinguna. Sönnun á uppruna skal gilda í fjóra mánuði frá útgáfudegi í útflutningslandinu sbr. 23. gr. bókunar 4 við EES samninginn.

EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í ofangreindri sendingu er því hafnað.

Greiða ber A-toll af vörunum.

F 307 17 11 4 SE ARN W177

Að mati embættisins er fyrirliggjandi EUR – yfirlýsing vegna reiknings nr. 2053129 dags. 16.11.2004 frá Intersport AB Sweden, ófullnægjandi.

Reikningur sá, er upphaflega fylgdi aðflutningsskýrslu og embættið gerði athugasemd við, var dags. 16.11.2004.

Embættið hefur yfirfarið þau gögn sem fyrirtækið hefur nú framvísað vegna ofangreindrar sendingar, nánar tiltekið reikningur dags. 16.11.2004. Um er að ræða endurútgöfin eintak af sama reikning.

Yfirlýsing um uppruna vörunnar á framlögðum gögnum, sem gefin var út á ofangreindum reikningi fyrirtækisins Intersport AB, er með öðru letri en aðrar upplýsingar á reikningnum. Það er því augljóst að yfirlýsingin var ekki gefin út samhliða þeim. Það er ekkert í fríverslunarsamningunum sem bannar slíkt, enda komi fram við útgáfu yfirlýsingu eftir á undir þeim m.a. dagsetning, (að öðrum kosti gildir dagsetning reiknings, sbr. 3 tl. viðauka a) bókunar 4 við EES samninginn. Að auki skal útflytjandi undirrita yfirlýsinguna og nafn þess sem það gerir þarf að koma fram með skýrum stöfum, sjá IV. viðauka) við bókun 4 við EES samninginn (IV. viðauki við bókun 3 í samningi Íslands og EB).

Á yfirlýsingu þeirri sem nú hefur verið framvísað kemur ekki fram dagsetning útgáfu. Því gildir skv. ofangreindu dagsetning reiknings um yfirlýsinguna. Sönnun á uppruna skal gilda í fjóra mánuði frá útgáfudegi í útflutningslandinu sbr. 23. gr. bókunar 4 við EES samninginn.

EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í ofangreindri sendingu er því hafnað.

Greiða ber A-toll af vörunum.

S ARN 28 09 4 SE VAG W066

Engin gögn hafa borist vegna ofangreindar sendingar. Úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda byggist því á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja.

Að mati embættisins er fyrirliggjandi EUR – yfirlýsing vegna reiknings dags. 20.09.2004 frá New Balance AB Sweden, ófullnægjandi.

Reglur um útgáfu EUR.1. flutningsskírteina, EUR-MED flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikninga eru í bókun 4, IV. viðauka við EES – samninginn, sbr. Lög nr. 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt 6. mgr. 21. gr. bókunar 4, IV. viðauka við EES – samninginn skal yfirlýsing á vörureikningi eða yfirlýsing á EUR-MED vörureikningi gefin út með þeim hætti að útflytjandi vélritar, stimplar eða prentar á vörureikninginn, afhendingarseðillinn eða annað viðskiptaskjal yfirlýsingu með þeim texta sem fram kemur í IV. viðauka og IV. viðauka b og skal hann nota útgáfu á einu tungumálanna sem um getur í þeim viðaukum í samræmi við ákvæði landslaga útflutningslandsins. Ef yfirlýsingin er handskrifuð skal skrifa með bleki og með prentstöfum.

Í 7. mgr. sömu greinar segir að á yfirlýsingu vörureikningi og yfirlýsingu á EUR-MED vörureikningi skal vera upprunaleg eiginhandarundirskrift útflytjanda. Þess skal þó ekki krafist að viðurkenndur útflytjandi í skilningi 22. gr., undirriti yfirlýsingu á vörureikningi, að því tilskildu að hann afhendi tollayfirvöldum í útflutningslandinu skriflega yfirlýsingu þess efnis að hann taki fulla ábyrgð á yfirlýsingunni á vörureikningnum eins og hann hafi undirritað hana með eigin hendi.

Í IV. viðauka) við bókun 4 við EES – samninginn er að finna þann texta sem fram á að koma á yfirlýsingu á vörureikningi en þar segir m.a.

“(Undirskrift útflytjanda; auk þess þarf nafn þess sem undirritar yfirlýsinguna að koma fram með skýrum stöfum)4”

Nafn þess sem undirritar EUR – yfirlýsinguna á ofangreinda vörureikninga kemur ekki fram með skýrum stöfum. Samkvæmt ofansögðu getur fyrirliggjandi EUR – yfirlýsing á ofangreindum vörureikningi því ekki talist fullnægjandi.

Greiða ber A-toll af vörunum.

S HEG 30 11 4 SE VAG W047

Að mati embættisins eru fyrirliggjandi EUR – yfirlýsingar vegna reikninga nr. 2040068 dags. 07.10.2004, nr.2040072 dags. 07.10.2004, nr. 2040076 dags. 07.10.2004, nr. 2040080 dags. 07.10.2004, nr. 2040082 dags. 07.10.2004 frá Intersport AB Sweden, ófullnægjandi.

Reikningar þeir, er upphaflega fylgdu aðflutningsskýrslu og embættið gerði athugasemd við, voru dags. 07.10.2004.

Embættið hefur yfirfarið þau gögn sem fyrirtækið hefur nú framvísað vegna ofangreindrar sendingar, nánar tiltekið reikningar dags. 07.10.2004. Um er að ræða endurútgefin eintök af sömu reikningum.

Yfirlýsingar um uppruna vörunnar á framlögðum gögnum, sem gefnar voru út á ofangreindum reikningum fyrirtækisins Intersport AB, eru með öðru letri en aðrar upplýsingar á reikningunum. Það er því augljóst að yfirlýsingarnar voru ekki gefnar út samhliða þeim. Það er ekkert í fríverslunarsamningunum sem bannar slíkt, enda komi fram við útgáfu yfirlýsingu eftirá undir þeim m.a. dagsetning, (að öðrum kosti gildir dagsetning reiknings, sbr. 3 tl. viðauka a) bókunar 4 við EES samninginn. Að auki skal útflytjandi undirrita yfirlýsinguna og nafn þess sem það gerir þarf að koma fram með skýrum stöfum, sjá IV. viðauka) við bókun 4 við EES samninginn (IV. viðauki við bókun 3 í samningi Íslands og EB).

Á yfirlýsingum þeim sem nú hefur verið framvísað kemur ekki fram dagsetning útgáfu. Því gildir skv. ofangreindu dagsetning reiknings um yfirlýsinguna. Sönnun á uppruna skal gilda í fjóra mánuði frá útgáfudegi í útflutningslandinu sbr. 23. gr. bókunar 4 við EES samninginn.

EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í ofangreindri sendingu er því hafnað.

Greiða ber A-toll af vörunum.

S HEG 17 11 4 SE VAG W032

Að mati embættisins eru fyrirliggjandi EUR – yfirlýsingar vegna reikninga nr.2049916 dags. 05.11.2004, nr.2049917 dags. 05.11.2004, nr. 2049921 dags. 05.11.2004, nr. 2049922 dags. 05.11.2004, nr. 2049924 dags. 05.11.2004 frá Intersport AB Sweden, ófullnægjandi.

Reikningar þeir, er upphaflega fylgdu aðflutningsskýrslu og embættið gerði athugasemd við, voru dags. 05.11.2004.

Embættið hefur yfirfarið þau gögn sem fyrirtækið hefur nú framvísað vegna ofangreindrar sendingar, nánar tiltekið reikningar dags. 05.11.2004. Um er að ræða endurútgefin eintök af sömu reikningum.

Yfirlýsingar um uppruna vörunnar á framlögðum gögnum, sem gefnar voru út á ofangreindum reikningum fyrirtækisins Intersport AB, eru með öðru letri en aðrar upplýsingar á reikningunum. Það er því augljóst að yfirlýsingarnar voru ekki gefnar út samhliða þeim. Það er ekkert í fríverslunarsamningunum sem bannar slíkt, enda komi fram við útgáfu yfirlýsingu eftir á undir þeim m.a. dagsetning, (að öðrum kosti gildir dagsetning reiknings, sbr. 3 tl. viðauka a) bókunar 4 við EES samninginn. Að auki skal útflytjandi undirrita yfirlýsinguna og nafn þess sem það gerir þarf að koma fram með skýrum stöfum, sjá IV. viðauka) við bókun 4 við EES samninginn (IV. viðauki við bókun 3 í samningi Íslands og EB).

Á yfirlýsingum þeim sem nú hefur verið framvísað kemur ekki fram dagsetning útgáfu. Því gildir skv. ofangreindu dagsetning reiknings um yfirlýsinguna. Sönnun á uppruna skal gilda í fjóra mánuði frá útgáfudegi í útflutningslandinu sbr. 23. gr. bókunar 4 við EES samninginn.

EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í ofangreindri sendingu er því hafnað. Greiða ber A-toll af vörum.

S HEG 15 06 4 SE VAG W030

Að mati embættisins eru fyrirliggjandi EUR – yfirlýsingar vegna reikninga nr.2009344 dags. 06.07.2004, nr. 2009345 dags. 06.07.2004, nr. 2009347 dags. 06.07.2004, nr. 2009348 dags. 06.07.2004, nr.2009349 dags. 06.07.2004 frá Intersport AB Sweden, ófullnægjandi.

Reikningar þeir, er upphaflega fylgdu aðflutningsskýrslu og embættið gerði athugasemd við, voru dags. 06.07.2004.

Embættið hefur yfirfarið þau gögn sem fyrirtækið hefur nú framvísað vegna ofangreindrar sendingar, nánar tiltekið reikningar dags. 06.07.2004. Um er að ræða endurútgefin eintök af sömu reikningum.

Yfirlýsingar um uppruna vörunnar á framlögðum gögnum, sem gefnar voru út á ofangreindum reikningum fyrirtækisins Intersport AB, eru með öðru letri en aðrar upplýsingar á reikningunum. Það er því augljóst að yfirlýsingarnar voru ekki gefnar út samhliða þeim. Það er ekkert í fríverslunarsamningunum sem bannar slíkt, enda komi fram við útgáfu yfirlýsingu eftir á undir þeim m.a. dagsetning, (að öðrum kosti gildir dagsetning reiknings, sbr. 3 tl. viðauka a) bókunar 4 við EES samninginn. Að auki skal útflytjandi undirrita yfirlýsinguna og nafn þess sem það gerir þarf að koma fram með skýrum stöfum, sjá IV. viðauka) við bókun 4 við EES samninginn (IV. viðauki við bókun 3 í samningi Íslands og EB).

Einnig er þess getið í yfirlýsingunum að vörunnar sem um ræðir séu af EES uppruna. Á reikningunum er þess getið að vörunnar séu af tyrkneskum uppruna (TR). Þar sem Tyrkland er ekki í evrópusambandinu þarf að geta þess í yfirlýsingu á reikningi að vara sé af tyrkneskum uppruna.

Á yfirlýsingum þeim sem nú hefur verið framvísað kemur ekki fram dagsetning útgáfu né er .ess geti að vörunnar séu af tyrkneskum uppruna. Því gildir skv. ofangreindu dagsetning reiknings um yfirlýsinguna. Sönnun á uppruna skal gilda í fjóra mánuði frá útgáfudegi í útflutningslandinu sbr. 23. gr. bókunar 4 við EES samninginn.

EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í ofangreindri sendingu er því hafnað. Greiða ber A-toll af vörum.

F 315 11 12 4 SE ARN W148

Að mati embættisins er fyrirliggjandi EUR – yfirlýsing vegna reiknings nr.2060198 dags. 08.12.2004 frá Intersport AB Sweden, ófullnægjandi.

Reikningur sá, er upphaflega fylgdi aðflutningsskýrslu og embættið gerði athugasemd við, var dags. 08.12.2004.

Embættið hefur yfirfarið þau gögn sem fyrirtækið hefur nú framvísað vegna ofangreindrar sendingar, nánar tiltekið reikningur dags. 08.12.2004. Um er að ræða endurútgafið eintak af sama reikning.

Yfirlýsing um uppruna vörunnar á framlögðum gögnum, sem gefin var út á ofangreindum reikningi fyrirtækisins Intersport AB, er með öðru letri en aðrar upplýsingar á reikningnum. Það er því augljóst að yfirlýsingin var ekki gefin út samhliða þeim. Það er ekkert í fráverslunarsamningunum sem bannar slíkt, enda komi fram við útgáfu yfirlýsingu eftir á undir þeim m.a. dagsetning, (að öðrum kosti gildir dagsetning reiknings, sbr. 3 tl. viðauka a) bókunar 4 við EES samninginn. Að auki skal útflytjandi undirrita yfirlýsinguna og nafn þess sem það gerir þarf að koma fram með skýrum stöfum, sjá IV. viðauka) við bókun 4 við EES samninginn (IV. viðauki við bókun 3 í samningi Íslands og EB).

Á yfirlýsingu þeirri sem nú hefur verið framvísað kemur ekki fram dagsetning útgáfu. Því gildir skv. ofangreindu dagsetning reiknings um yfirlýsinguna. Sönnun á uppruna skal gilda í fjóra mánuði frá útgáfudegi í útflutningslandinu sbr. 23. gr. bókunar 4 við EES samninginn.

EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í ofangreindri sendingu er því hafnað. Greiða ber A-toll af vörunum.

F 307 25 09 4 SE ARN W316

Að mati embættisins er fyrirliggjandi EUR – yfirlýsing vegna reiknings nr.2035805 dags. 23.09.2004 frá Intersport AB Sweden, ófullnægjandi.

Reikningur sá, er upphaflega fylgdi aðflutningsskýrslu og embættið gerði athugasemd við, var dags. 23.09.2004.

Embættið hefur yfirfarið þau gögn sem fyrirtækið hefur nú framvísað vegna ofangreindrar sendingar, nánar tiltekið reikningur dags. 23.09.2004. Um er að ræða endurútgafið eintak af sama reikning.

Yfirlýsing um uppruna vörunnar á framlögðum gögnum, sem gefin var út á ofangreindum reikningi fyrirtækisins Intersport AB, er með öðru letri en aðrar upplýsingar á reikningnum. Það er því augljóst að yfirlýsingin var ekki gefin út samhliða þeim. Það er ekkert í fráverslunarsamningunum sem bannar slíkt, enda komi fram við útgáfu yfirlýsingu eftir á undir þeim m.a. dagsetning, (að öðrum kosti gildir dagsetning reiknings, sbr. 3 tl. viðauka a) bókunar 4 við EES samninginn. Að auki skal útflytjandi undirrita yfirlýsinguna og nafn þess sem það gerir þarf að koma fram með skýrum stöfum, sjá IV. viðauka) við bókun 4 við EES samninginn (IV. viðauki við bókun 3 í samningi Íslands og EB).

Á yfirlýsingu þeirri sem nú hefur verið framvísað kemur ekki fram dagsetning útgáfu. Því gildir skv. ofangreindu dagsetning reiknings um yfirlýsinguna. Sönnun á uppruna skal gilda í fjóra mánuði frá útgáfudegi í útflutningslandinu sbr. 23. gr. bókunar 4 við EES samninginn.

EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í ofangreindri sendingu er því hafnað. Greiða ber A-toll af vörunum.

S HEG 24 08 4 DK AAR A002

Engin gögn hafa borist vegna ofangreindrar sendingar. Úrskurður um endurákvörðun aðflutningssgjalds byggist því á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja.

Að mati embættisins er fyrirliggjandi EUR – yfirlýsing vegna reiknings nr.15560 dags. 10.08.2004 frá Soms A/S Danmörk, ófullnægjandi.

Reglur um útgáfu EUR.1. flutningsskírteina, EUR-MED flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikninga eru í bókun 4, IV. viðauka við EES – samninginn, sbr. Lög nr. 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt 6. mgr. 21. gr. bókunar 4, IV. viðauka við EES – samninginn skal yfirlýsing á vörureikningi eða yfirlýsing á EUR-MED vörureikningi gefin út með þeim hætti að útflytjandi vélritar, stimplar eða prentar á vörureikninginn, afhendingarseðillinn eða annað viðskiptaskjal yfirlýsingu með þeim texta sem fram kemur í IV. viðauka og IV. viðauka b og skal hann nota útgáfu á einu tungumálanna sem um getur í þeim viðaukum í samræmi við ákvæði landslaga útflutningslandsins. Ef yfirlýsingin er handskrifuð skal skrifa með bleki og með prentstöfum.

Í 7. mgr. sömu greinar segir að á yfirlýsingu vörureikningi og yfirlýsingu á EUR-MED vörureikningi skal vera upprunaleg eiginhandarundirskrift útflytjanda. Þess skal þó ekki krafist að viðurkenndur útflytjandi skilningi 22. gr., undirriti yfirlýsingu á vörureikningi, að því tilskildu

að hann afhendi tollayfirvöldum í útflutningslandinu skriflega yfirlýsingu þess efnis að hann taki fulla ábyrgð á yfirlýsingunni á vörureikningnum eins og hann hafi undirritað hana með eigin hendi.

Í IV. viðauka) við bókun 4 við EES – samninginn er að finna þann texta sem fram á að koma á yfirlýsingu á vörureikningi en þar segir m.a.

“(Undirskrift útflytjanda; auk þess þarf nafn þess sem undirritar yfirlýsinguna að koma fram með skýrum stöfum)4”

Nafn þess sem undirritar EUR – yfirlýsinguna á ofangreinda vörureikninga kemur ekki fram með skýrum stöfum. Samkvæmt ofansögðu getur fyrirliggjandi EUR – yfirlýsing á ofangreindum vörureikningi því ekki talist fullnægjandi.

Greiða ber A-toll af vörunum.

S ARN 14 09 4 DK AAR A007

Eur-skírteini ofangreindar sendingar er hafnað, sbr. 16. gr. bókunar 4 við EES samninginn frá 1993, þar sem skírteinið er ekki gefið út af dönskum tollayfirvöldum sbr. reitur 11 í skírteininu. Þvílík skírteini skulu gefin út af tollayfirvöldum viðkomandi útflutningslands, sbr. 1. mgr. 17. gr. bókunar 4 við EES-samninginn.

Greiða ber A-toll af vörunum.

S HEG 20 04 4 SE AVG W040

Að mati embættisins eru fyrirliggjandi EUR – yfirlýsingar vegna reikninga nr.1122587 dags. 06.04.2004, nr.1122590 dags. 06.04.2004, nr.1122590 dags. 06.04.2004, nr.1122592 dags. 06.04.2004, nr.1122593 dags. 06.04.2004, nr.1122596 dags. 06.04.2004, nr.1122597 dags. 06.04.2004 og nr.1122588 dags. 06.04.2004 frá Intersport AB Sweden, ófullnægjandi.

Reikningar þeir, er upphaflega fylgdu aðflutningsskýrslu og embættið gerði athugasemd við, voru dags. 06.04.2004.

Embættið hefur yfirfarið þau gögn sem fyrirtækið hefur nú framvísað vegna ofangreindrar sendingar, nánar tiltekið reikningar dags. 06.04.2004. Um er að ræða endurútgefin eintök af sömu reikningum.

Yfirlýsingar um uppruna vörunnar á framlögðum gögnum, sem gefnar voru út á ofangreindum reikningum fyrirtækisins Intersport AB, eru með öðru letri en aðrar upplýsingar á reikningunum. Það er því augljóst að yfirlýsingarnar voru ekki gefnar út samhliða þeim. Það er ekkert í fríverslunarsamningunum sem bannar slíkt, enda komi fram við útgáfu yfirlýsingu eftir á undir þeim m.a. dagsetning, (að öðrum kosti gildir dagsetning reiknings, sbr. 3 tl. viðauka a) bókunar 4 við EES samninginn. Að auki skal útflytjandi undirrita yfirlýsinguna og nafn þess sem það gerir þarf að koma fram með skýrum stöfum, sjá IV. viðauka) við bókun 4 við EES samninginn (IV. viðauki við bókun 3 í samningi Íslands og EB).

Einnig er þess getið í yfirlýsingunum að vörunnar sem um ræðir séu af EES uppruna. Á reikningunum er þess getið að vörunnar séu af tyrkneskum uppruna (TR). Þar sem Tyrkland er ekki í evrópusambandinu þarf að geta þess í yfirlýsingu á reikningi að vara sé af tyrkneskum uppruna.

Á yfirlýsingum þeim sem nú hefur verið framvísað kemur ekki fram dagsetning útgáfu né er .ess geti að vörunnar séu af tyrkneskum uppruna. Því gildir skv. ofangreindu dagsetning reiknings um yfirlýsinguna. Sönnun á uppruna skal gilda í fjóra mánuði frá útgáfudegi í útflutningslandinu sbr. 23. gr. bókunar 4 við EES samninginn.

EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í ofangreindri sendingu er því hafnað.

Greiða ber A-toll af vörunum.

F 307 11 05 4 SE ARN 6836

Að mati embættisins eru fyrirliggjandi EUR – yfirlýsingar vegna reikninga nr.2002307 dags. 10.05.2004 og nr.2002303 dags. 10.05.2004 frá Intersport AB Sweden, ófullnægjandi.

Reikningar þeir, er upphaflega fylgdu aðflutningsskýrslu og embættið gerði athugasemd við, voru dags. 10.05.2004.

Embættið hefur yfirfarið þau gögn sem fyrirtækið hefur nú framvísað vegna ofangreindrar sendingar, nánar tiltekið reikningar dags. 10.05.2004. Um er að ræða endurútgefin eintök af sömu reikningum.

Yfirlýsingar um uppruna vörunnar á framlögðum gögnum, sem gefnar voru út á ofangreindum reikningum fyrirtækisins Intersport AB, eru með öðru letri en aðrar upplýsingar á reikningunum. Það er því augljóst að yfirlýsingarnar voru ekki gefnar út samhliða þeim. Það er ekkert í fríverslunarsamningunum sem bannar slíkt, enda komi fram við útgáfu yfirlýsingu eftir á undir þeim m.a. dagsetning, (að öðrum kosti gildir dagsetning reiknings, sbr. 3 tl. viðauka a) bókunar 4 við EES samninginn. Að auki skal útflytjandi undirrita yfirlýsinguna og nafn þess sem það gerir þarf að koma fram með skýrum stöfum, sjá IV. viðauka) við bókun 4 við EES samninginn (IV. viðauki við bókun 3 í samningi Íslands og EB).

Einnig er þess getið í yfirlýsingunum að vörunar sem um ræðir séu af EES uppruna. Á reikningunum er þess getið að vörunar séu af tyrkneskum uppruna (TR). Þar sem Tyrkland er ekki í evrópusambandinu þarf að geta þess í yfirlýsingu á reikningi að vara sé af tyrkneskum uppruna.

Á yfirlýsingum þeim sem nú hefur verið framvísað kemur hvorki fram dagsetning útgáfu né er þess getið að vörunar séu af tyrkneskum uppruna. Því gildir skv. ofangreindu dagsetning reiknings um yfirlýsinguna. Sönnun á uppruna skal gilda í fjóra mánuði frá útgáfudegi í útflutningslandinu sbr. 23. gr. bókunar 4 við EES samninginn.

EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í ofangreindri sendingu er því hafnað. Greiða ber A-toll af vörum.

S ARN 22 06 4 DK AAR A003

Að mati embættisins er fyrirliggjandi EUR – yfirlýsing vegna reiknings nr.369287 dags. 09.06.2004 frá Cane-Line A/S Danmörk, ófullnægjandi.

Reglur um útgáfu EUR.1. flutningsskírteina, EUR-MED flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikninga eru í bókun 4, IV. viðauka við EES – samninginn, sbr. Lög nr. 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt 6. mgr. 21. gr. bókunar 4, IV. viðauka við EES – samninginn skal yfirlýsing á vörureikningi eða yfirlýsing á EUR-MED vörureikningi gefin út með þeim hætti að útflytjandi vélritar, stimplar eða prentar á vörureikninginn, afhendingarseðillinn eða annað viðskiptaskjal yfirlýsingu með þeim texta sem fram kemur í IV. viðauka og IV. viðaukab og skal hann nota útgáfu á einu tungumálanna sem um getur í þeim viðaukum í samræmi við ákvæði landslaga útflutningslandsins. Ef yfirlýsingin er handskrifuð skal skrifa með bleki og með prentstöfum.

Í 7. mgr. sömu greinar segir að á yfirlýsingu vörureikningi og yfirlýsingu á EUR-MED vörureikningi skal vera upprunaleg eiginhandarundirskrift útflytjanda. Þess skal þó ekki krafist að viðurkenndur útflytjandi í skilningi 22. gr., undirriti yfirlýsingu á vörureikningi, að því tilskildu að hann afhendi tollayfirvöldum í útflutningslandinu skriflega yfirlýsingu þess efnis að hann taki fulla ábyrgð á yfirlýsingunni á vörureikningnum eins og hann hafi undirritað hana með eigin hendi.

Í IV. viðauka) við bókun 4 við EES – samninginn er að finna þann texta sem fram á að koma á yfirlýsingu á vörureikningi en þar segir m.a.

“(Undirskrift útflytjanda; auk þess þarf nafn þess sem undirritar yfirlýsinguna að koma fram með skýrum stöfum)”

Nafn þess sem undirritar EUR – yfirlýsinguna á ofangreindan vörureikning vantar. Samkvæmt framansögðu getur fyrirliggjandi EUR – yfirlýsing á ofangreindum vörureikningi ekki talist fullnægjandi.

EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í ofangreindri sendingu er því hafnað. Greiða ber A-toll af vörum.

S HEG 29 06 4 DK AAR A002

Að mati embættisins er fyrirliggjandi EUR – yfirlýsing vegna reiknings nr.51416 dags. 18.06.2004 frá Relax Royale Danmörk, ófullnægjandi.

Reglur um útgáfu EUR.1. flutningsskírteina, EUR-MED flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikninga eru í bókun 4, IV. viðauka við EES – samninginn, sbr. Lög nr. 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt 6. mgr. 21. gr. bókunar 4, IV. viðauka við EES – samninginn skal yfirlýsing á vörureikningi eða yfirlýsing á EUR-MED vörureikningi gefin út með þeim hætti að útflytjandi vélritar, stimplar eða prentar á vörureikninginn, afhendingarseðillinn eða annað viðskiptaskjal yfirlýsingu með þeim texta sem fram kemur í IV. viðauka og IV. viðaukab og skal hann nota útgáfu á einu tungumálanna sem um getur í þeim viðaukum í samræmi við ákvæði landslaga útflutningslandsins. Ef yfirlýsingin er handskrifuð skal skrifa með bleki og með prentstöfum.

Í 7. mgr. sömu greinar segir að á yfirlýsingu vörureikningi og yfirlýsingu á EUR-MED vörureikningi skal vera upprunaleg eiginhandarundirskrift útflytjanda. Þess skal þó ekki krafist að viðurkenndur útflytjandi í skilningi 22. gr., undirriti yfirlýsingu á vörureikningi, að því tilskildu að hann afhendi tollayfirvöldum í útflutningslandinu skriflega yfirlýsingu þess efnis að hann taki fulla ábyrgð á yfirlýsingunni á vörureikningnum eins og hann hafi undirritað hana með eigin hendi.

Í IV. viðauka) við bókun 4 við EES – samninginn er að finna þann texta sem fram á að koma á yfirlýsingu á vörureikningi en þar segir m.a.

“(Undirskrift útflytjanda; auk þess þarf nafn þess sem undirritar yfirlýsinguna að koma fram með skýrum stöfum)5”

Nafn þess sem undirritar EUR – yfirlýsinguna á ofangreindan vörureikning vantar. Samkvæmt framansögðu getur fyrirliggjandi EUR – yfirlýsing á ofangreindum vörureikningi ekki talist fullnægjandi.

EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í ofangreindri sendingu er því hafnað. Greiða ber A-toll af vörum.

S HEG 20 04 4 DK AAR A002

Að mati embættisins er fyrirliggjandi EUR – yfirlýsing vegna reiknings nr.365712 dags. 15.04.2004 frá Cane-Line A/S Danmörk, ófullnægjandi.

Reglur um útgáfu EUR.1. flutningsskírteina, EUR-MED flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikninga eru í bókun 4, IV. viðauka við EES – samninginn, sbr. Lög nr. 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt 6. mgr. 21. gr. bókunar 4, IV. viðauka við EES – samninginn skal yfirlýsing á vörureikningi eða yfirlýsing á EUR-MED vörureikningi gefin út með þeim hætti að útflytjandi vélritar, stimplar eða prentar á vörureikninginn, afhendingarseðillinn eða annað viðskiptaskjal yfirlýsingu með þeim texta sem fram kemur í IV. viðauka og IV. viðaukab og skal hann nota útgáfu á einu tungumálanna sem um getur í þeim viðaukum í samræmi við ákvæði landslaga útflutningslandsins. Ef yfirlýsingin er handskrifuð skal skrifa með bleki og með prentstöfum.

Í 7. mgr. sömu greinar segir að á yfirlýsingu vörureikningi og yfirlýsingu á EUR-MED vörureikningi skal vera upprunaleg eiginhandarundirskrift útflytjanda. Þess skal þó ekki krafist að viðurkenndur útflytjandi í skilningi 22. gr., undirriti yfirlýsingu á vörureikningi, að því tilskildu að hann afhendi tollayfirvöldum í útflutningslandinu skriflega yfirlýsingu þess efnis að hann taki fulla ábyrgð á yfirlýsingunni á vörureikningnum eins og hann hafi undirritað hana með eigin hendi.

Í IV. viðauka) við bókun 4 við EES – samninginn er að finna þann texta sem fram á að koma á yfirlýsingu á vörureikningi en þar segir m.a.

“(Undirskrift útflytjanda; auk þess þarf nafn þess sem undirritar yfirlýsinguna að koma fram með skýrum stöfum)5”

Nafn þess sem undirritar EUR – yfirlýsinguna á ofangreindan vörureikning vantar. Samkvæmt framansögðu getur fyrirliggjandi EUR – yfirlýsing á ofangreindum vörureikningi ekki talist fullnægjandi.

EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í ofangreindri sendingu er því hafnað. Greiða ber A-toll af vörum.

S ARN 13 04 4 DK AAR A004

Að mati embættisins er fyrirbyggjandi EUR – yfirlýsing vegna reiknings nr.365712 dags. 15.04.2004 frá Cane-Line A/S Danmörk, ófullnægjandi.

Reglur um útgáfu EUR.1. flutningsskírteina, EUR-MED flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikninga eru í bókun 4, IV. viðauka við EES – samninginn, sbr. Lög nr. 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt 6. mgr. 21. gr. bókunar 4, IV. viðauka við EES – samninginn skal yfirlýsing á vörureikningi eða yfirlýsing á EUR-MED vörureikningi gefin út með þeim hætti að útflytjandi vélritar, stimplar eða prentar á vörureikninginn, afhendingarseðillinn eða annað viðskiptaskjal yfirlýsingu með þeim texta sem fram kemur í IV. viðauka og IV. viðaukab og skal hann nota útgáfu á einu tungumálanna sem um getur í þeim viðaukum í samræmi við ákvæði landslaga útflutningslandsins. Ef yfirlýsingin er handskrifuð skal skrifa með bleki og með prentstöfum.

Í 7. mgr. sömu greinar segir að á yfirlýsingu vörureikningi og yfirlýsingu á EUR-MED vörureikningi skal vera upprunaleg eiginhandarundirskrift útflytjanda. Þess skal þó ekki krafist að viðurkenndur útflytjandi í skilningi 22. gr., undirriti yfirlýsingu á vörureikningi, að því tilskildu að hann afhendi tollayfirvöldum í útflutningslandinu skriflega yfirlýsingu þess efnis að hann taki fulla ábyrgð á yfirlýsingunni á vörureikningnum eins og hann hafi undirritað hana með eigin hendi.

Í IV. viðauka) við bókun 4 við EES – samninginn er að finna þann texta sem fram á að koma á yfirlýsingu á vörureikningi en þar segir m.a.

“(Undirskrift útflytjanda; auk þess þarf nafn þess sem undirritar yfirlýsinguna að koma fram með skýrum stöfum)5”

Nafn þess sem undirritar EUR – yfirlýsinguna á ofangreindan vörureikning vantar. Samkvæmt framansögðu getur fyrirbyggjandi EUR – yfirlýsing á ofangreindum vörureikningi ekki talist fullnægjandi.

EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í ofangreindri sendingu er því hafnað.

Greiða ber A-toll af vörum.

S HEG 02 11 4 DK AAR A004

Að mati embættisins er fyrirbyggjandi EUR – yfirlýsing vegna reiknings nr.376599 dags. 20.10.2004 frá Cane-Line A/S Danmörk, ófullnægjandi.

Reglur um útgáfu EUR.1. flutningsskírteina, EUR-MED flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikninga eru í bókun 4, IV. viðauka við EES – samninginn, sbr. Lög nr. 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt 6. mgr. 21. gr. bókunar 4, IV. viðauka við EES – samninginn skal yfirlýsing á vörureikningi eða yfirlýsing á EUR-MED vörureikningi gefin út með þeim hætti að útflytjandi vélritar, stimplar eða prentar á vörureikninginn, afhendingarseðillinn eða annað viðskiptaskjal yfirlýsingu með þeim texta sem fram kemur í IV. viðauka og IV. viðaukab og skal hann nota útgáfu á einu tungumálanna sem um getur í þeim viðaukum í samræmi við ákvæði landslaga útflutningslandsins. Ef yfirlýsingin er handskrifuð skal skrifa með bleki og með prentstöfum.

Í 7. mgr. sömu greinar segir að á yfirlýsingu vörureikningi og yfirlýsingu á EUR-MED vörureikningi skal vera upprunaleg eiginhandarundirskrift útflytjanda. Þess skal þó ekki krafist að viðurkenndur útflytjandi í skilningi 22. gr., undirriti yfirlýsingu á vörureikningi, að því tilskildu að hann afhendi tollayfirvöldum í útflutningslandinu skriflega yfirlýsingu þess efnis að hann taki fulla ábyrgð á yfirlýsingunni á vörureikningnum eins og hann hafi undirritað hana með eigin hendi.

Í IV. viðauka) við bókun 4 við EES – samninginn er að finna þann texta sem fram á að koma á yfirlýsingu á vörureikningi en þar segir m.a.

“(Undirskrift útflytjanda; auk þess þarf nafn þess sem undirritar yfirlýsinguna að koma fram með skýrum stöfum)5”

Nafn þess sem undirritar EUR – yfirlýsinguna á ofangreindan vörureikning vantar. Samkvæmt framansögðu getur fyrirbyggjandi EUR – yfirlýsing á ofangreindum vörureikningi ekki talist fullnægjandi.

EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í ofangreindri sendingu er því hafnað. Greiða ber A-toll af vörum.

S HEG 15 12 4 SE VAG W041

Að mati embættisins eru fyrirliggjandi EUR – yfirlýsingar vegna reikninga nr.2057693 dags. 30.11.2004 og nr.2057694 dags. 30.11.2004 frá Intersport AB Sweden, ófullnægjandi.

Reikningar þeir, er upphaflega fylgdu aðflutningsskýrslu og embættið gerði athugasemd við, voru dags. 30.11.2004.

Embættið hefur yfirfarið þau gögn sem fyrirtækið hefur nú framvísað vegna ofangreindrar sendingar, nánar tiltekið reikningar dags. 30.11.2004. Um er að ræða endurútgefin eintök af sömu reikningum.

Yfirlýsingar um uppruna vörunnar á framlögðum gögnum, sem gefnar voru út á ofangreindum reikningum fyrirtækisins Intersport AB, eru með öðru letri en aðrar upplýsingar á reikningunum. Það er því augljóst að yfirlýsingarnar voru ekki gefnar út samhliða þeim. Það er ekkert í fríverslunarsamningunum sem bannar slíkt, enda komi fram við útgáfu yfirlýsingu eftirá undir þeim m.a. dagsetning, (að öðrum kosti gildir dagsetning reiknings, sbr. 3 tl. viðauka a) bókunar 4 við EES samninginn. Að auki skal útflytjandi undirrita yfirlýsinguna og nafn þess sem það gerir þarf að koma fram með skýrum stöfum, sjá IV. viðauka) við bókun 4 við EES samninginn (IV. viðauki við bókun 3 í samningi Íslands og EB).

Einnig er þess getið í yfirlýsingunum að vörunnar sem um ræðir séu af EES uppruna. Á reikningunum er þess getið að vörunnar séu af tyrkneskum uppruna (TR). Þar sem Tyrkland er ekki í evrópusambandinu þarf að geta þess í yfirlýsingu á reikningi að vara sé af tyrkneskum uppruna.

Á yfirlýsingum þeim sem nú hefur verið framvísað kemur hvorki fram dagsetning útgáfu né er þess getið að vörunnar séu af tyrkneskum uppruna. Því gildir skv. ofangreindu dagsetning reiknings um yfirlýsinguna. Sönnun á uppruna skal gilda í fjóra mánuði frá útgáfudegi í útflutningslandinu sbr. 23. gr. bókunar 4 við EES samninginn.

EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í ofangreindri sendingu er því hafnað. Greiða ber A-toll af vörum.

S HEG 19 10 4 SE VAG W038

Að mati embættisins eru fyrirliggjandi EUR – yfirlýsingar vegna reikninga nr. 2040068 dags. 07.10.2004, nr.2040072 dags. 07.10.2004, nr. 2040076 dags. 07.10.2004, nr. 2040080 dags. 07.10.2004, nr. 2040082 dags. 07.10.2004 frá Intersport AB Sweden, ófullnægjandi.

Reikningar þeir, er upphaflega fylgdu aðflutningsskýrslu og embættið gerði athugasemd við, voru dags. 07.10.2004.

Embættið hefur yfirfarið þau gögn sem fyrirtækið hefur nú framvísað vegna ofangreindrar sendingar, nánar tiltekið reikningar dags. 07.10.2004. Um er að ræða endurútgefin eintök af sömu reikningum.

Yfirlýsingar um uppruna vörunnar á framlögðum gögnum, sem gefnar voru út á ofangreindum reikningum fyrirtækisins Intersport AB, eru með öðru letri en aðrar upplýsingar á reikningunum. Það er því augljóst að yfirlýsingarnar voru ekki gefnar út samhliða þeim. Það er ekkert í fríverslunarsamningunum sem bannar slíkt, enda komi fram við útgáfu yfirlýsingu eftirá undir þeim m.a. dagsetning, (að öðrum kosti gildir dagsetning reiknings, sbr. 3 tl. viðauka a) bókunar 4 við EES samninginn. Að auki skal útflytjandi undirrita yfirlýsinguna og nafn þess sem það gerir þarf að koma fram með skýrum stöfum, sjá IV. viðauka) við bókun 4 við EES samninginn (IV. viðauki við bókun 3 í samningi Íslands og EB).

Einnig er þess getið í yfirlýsingunum að vörunnar sem um ræðir séu af EES uppruna. Á reikningunum er þess getið að vörunnar séu af tyrkneskum uppruna (TR). Þar sem Tyrkland er ekki í evrópusambandinu þarf að geta þess í yfirlýsingu á reikningi að vara sé af tyrkneskum uppruna.

Á yfirlýsingum þeim sem nú hefur verið framvísað kemur hvorki fram dagsetning útgáfu né er þess getið að vörunnar séu af tyrkneskum uppruna. Því gildir skv. ofangreindu dagsetning reiknings um yfirlýsinguna. Sönnun á uppruna skal gilda í fjóra mánuði frá útgáfudegi í útflutningslandinu sbr. 23. gr. bókunar 4 við EES samninginn.

EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í ofangreindri sendingu er því hafnað.

Greiða ber A-toll af vörunum.

P 150 18 11 4 IS E20 3154

Að mati embættisins er umrædd EUR – yfirlýsing, á reikningi ofangreindrar sendingar, fullnægjandi til notkunar tollfríðindameðferðar. Fyrirtækinu ber því ekki að greiða almennan toll samkvæmt tollskrá af umræddri sendingu. Sendingin hefur stöðuna afgreitt skjal í tollakerfinu og telst afgreiðslu málsins lokið að mati embættisins.

D 810 17 09 4 GB EMA Z075

Að mati embættisins eru fyrirliggjandi EUR – yfirlýsing vegna reiknings dags. 16.09.2004 frá Bauer Nike Hockey AB Sweden, ófullnægjandi.

Reglur um útgáfu EUR.1. flutningsskírteina, EUR-MED flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikninga eru í bókun 4, IV. viðauka við EES – samninginn, sbr. Lög nr. 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt 6. mgr. 21. gr. bókunar 4, IV. viðauka við EES – samninginn skal yfirlýsing á vörureikningi eða yfirlýsing á EUR-MED vörureikningi gefin út með þeim hætti að útflytjandi vérlitar, stimplar eða prentar á vörureikninginn, afhendingarseðillinn eða annað viðskiptaskjal yfirlýsingu með þeim texta sem fram kemur í IV. viðauka og IV. viðaukab og skal hann nota útgáfu á einu tungumálanna sem um getur í þeim viðaukum í samræmi við ákvæði landslaga útflutningslandsins. Ef yfirlýsingin er handskrifuð skal skrifa með bleki og með prentstöfum.

Í 7. mgr. sömu greinar segir að á yfirlýsingu vörureikningi og yfirlýsingu á EUR-MED vörureikningi skal vera upprunaleg eiginhandarundirskrift útflytjanda. Þess skal þó ekki krafist að viðurkenndur útflytjandi í skilningi 22. gr., undirriti yfirlýsingu á vörureikningi, að því tilskildu að hann afhendi tollayfirvöldum í útflutningslandinu skriflega yfirlýsingu þess efnis að hann taki fulla ábyrgð á yfirlýsingunni á vörureikningnum eins og hann hafi undirritað hana með eigin hendi.

Í IV. viðauka) við bókun 4 við EES – samninginn er að finna þann texta sem fram á að koma á yfirlýsingu á vörureikningi en þar segir m.a.

“(Undirskrift útflytjanda; auk þess þarf nafn þess sem undirritar yfirlýsinguna að koma fram með skýrum stöfum)5”

Nafn þess sem undirritar EUR – yfirlýsinguna á ofangreindan vörureikning vantar. Samkvæmt framansögðu getur fyrirliggjandi EUR – yfirlýsing á ofangreindum vörureikningi ekki talist fullnægjandi.

EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í ofangreindri sendingu er því hafnað.

Greiða ber A-toll af vörunum.

Í fyrirhugaðri endurákvörðun var gerð athugasemd við ranga mynt. Í andmælabréfi lögmanns innflytjanda eru útskýringar á því sbr. 4. tl. í umræddu bréfi frá 30. nóvember 2007. Embættið fellst á þær skýringar að ranglega hafi verið hakað við Kanadadollar í stað Bandaríkjadollar á reikningi. Rétt mynt er Bandaríkjadollar, líkt og sagði í aðflutningsskýrslu.

S HEG 15 12 4 SE VAG W038

Að mati embættisins er umrædd EUR – yfirlýsing, á reikningi ofangreindrar sendingar, fullnægjandi til notkunar tollfríðindameðferðar. Fyrirtækinu ber því ekki að greiða almennan toll samkvæmt tollskrá af umræddri sendingu. Sendingin hefur stöðuna afgreitt skjal í tollakerfinu og telst afgreiðslu málsins lokið að mati embættisins.

S HEG 05 10 4 SE VAG W055

Engin gögn hafa borist vegna ofangreindrar sendingar. Úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda byggist því á grundvelli þeirra gagna sem fyrir liggja.

Að mati embættisins eru fyrirliggjandi EUR – yfirlýsingar vegna reikninga nr. 2036216 dags. 24.09.04, nr. 2036217 dags. 24.09.04, nr. 2036220 dags. 24.09.04, nr. 2036223 dags. 24.09.04, nr. 2036224 dags. 24.09.04, nr. 2036227 dags. 24.09.04, nr. 2036229 dags. 24.09.04, nr. 2036231 dags. 24.09.04, nr. 2036232 dags. 24.09.04, nr. 2036233 dags. 24.09.04, nr. 2036234 dags. 24.09.04, nr. 2036235 dags. 24.09.04, nr. 2036202 dags.

24.09.04, nr. 2036207 dags. 24.09.04, nr. 2036210 dags. 24.09.04, frá Intersport AB Sweden, ófullnægjandi.

Reglur um útgáfu EUR.1. flutningsskírteina, EUR-MED flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikninga eru í bókun 4, IV. viðauka við EES – samninginn, sbr. Lög nr. 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið. Samkvæmt 6. mgr. 21. gr. bókunar 4, IV. viðauka við EES – samninginn skal yfirlýsing á vörureikningi eða yfirlýsing á EUR-MED vörureikningi gefin út með þeim hætti að útflytjandi vélritar, stimplar eða prentar á vörureikninginn, afhendingarseðilinn eða annað viðskiptaskjal yfirlýsingu með þeim texta sem fram kemur í IV. viðauka og IV. viðaukab og skal hann nota útgáfu á einu tungumálanna sem um getur í þeim viðaukum í samræmi við ákvæði landslaga útflutningslandsins. Ef yfirlýsingin er handskrifuð skal skrifa með bleki og með prentstöfum.

Í 7. mgr. sömu greinar segir að á yfirlýsingu vörureikningi og yfirlýsingu á EUR-MED vörureikningi skal vera upprunaleg eiginhandarundirskrift útflytjanda. Þess skal þó ekki krafist að viðurkenndur útflytjandi í skilningi 22. gr., undirriti yfirlýsingu á vörureikningi, að því tilskildu að hann afhendi tollayfirvöldum í útflutningslandinu skriflega yfirlýsingu þess efnis að hann taki fulla ábyrgð á yfirlýsingunni á vörureikningnum eins og hann hafi undirritað hana með eigin hendi.

Í IV. viðauka) við bókun 4 við EES – samninginn er að finna þann texta sem fram á að koma á yfirlýsingu á vörureikningi en þar segir m.a.

“(Undirskrift útflytjanda; auk þess þarf nafn þess sem undirritar yfirlýsinguna að koma fram með skýrum stöfum)4”

Nafn þess sem undirritar EUR – yfirlýsinguna á ofangreinda vörureikninga kemur ekki fram með skýrum stöfum. Samkvæmt ofansögðu geta fyrirliggjandi EUR – yfirlýsingar á ofangreindum vörureikningum því ekki talist fullnægjandi.

EUR meðferð á vörum sem fluttar voru til landsins í ofangreindri sendingu er því hafnað. Greiða ber A-toll af vörum.

Þá segir í hinum kærða úrskurði tollstjóra að innflytjanda hafi verið fyrst gefinn frestur til 3.sept.2007 til andmæla og framlagningar gagna, eftir því sem við gæti átt. Samkvæmt beiðni innflytjanda var viðbótarfrestur til að skila inn andmælum veittur alls fjórum sinnum, til 3. okt. 2007, 26. okt. 2007, 9. nóv. 2007 og loks til 30. nóv. 2007.

Hinn 30. nóv. 2007 barst tollstjóra bréf frá Landslögum – lögfræðistofu, f.h. umbjóðanda síns A. dags. s.d., ásamt gögnum er því fylgdu. Þar segir m.a.: „varðandi heimild tollstjóra til endurákvörðunar bendir umbjóðandi okkar (A.) á að í 5. mgr. 99. gr. þágildandi tollalaga nr. 55/1987 segir að tollstjóra sé heimilt að endurákvörða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, enda sé gætt ákvæða 3. og 4. mgr. greinarinnar. Í 3. málslið 3. mgr. ákvæðisins segir að tilkynningu um að til endurákvörðun geti komið skuli tollstjóri senda eigi síðar en 45 dögum frá því að afhending vöru var heimiluð. Þar sem þessa ákvæðis hefur ekki verið gætt telur umbjóðandi okkar tollstjóra ekki njóta heimildar til endurákvörðunar aðflutningsgjalda.“

Í bréfi lögmannsstofnunnar kemur m.a. fram að endurákvörðunarheimild tollstjóra í þessu máli takmarkist af 45 daga fresti skv. 3. málslið 3. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, eins og henni var breytt með 26. gr. laga nr. 69/1996, þ.e. að innan þess frests verði tollstjóri að hafa boðað fyrirhugaða endurákvörðun.

Tollstjóri segir þessa fullyrðingu ekki rétta því endurákvörðunarheimild tollstjóra er rýmri þegar um er að ræða rafrænar tollafgreiðslur. Þá gildir 6 ára fyrningarfrestur, sbr. 5. mgr. sömu greinar. Þessi rýmri frestur tollstjóra til endurákvörðunar byggir á því að í þessum tilvikum hefur tollstjóri almennt ekki undir höndum þau gögn sem tollafgreiðsla er byggð á, heldur eru þau í höndum innflytjanda (eða aðila sem starfar í hans þágu). Tollendurskoðun í slíkum tilvikum hlýtur almennt að fara fram eftir á, þ.e. eftir tollafgreiðslu. Þessar staðreyndir hafa þótt réttlæta hinn lengri fyrningarfrest.

Almenna reglan er hins vegar sú, þegar um er að ræða pappírslagar tollafgreiðslur, að þá er frestur tollstjóra til endurákvörðunar 60 dagar, enda séu gögn þess eðlis að á þeim hafi mátt byggja rétta álagningu aðflutningsgjalda, sbr. 2. mgr. 99. gr. Í þeim tilvikum gildir og hinn 45

daga frestur til að boða fyrirhugaða endurákvörðun, sbr. fyrrnefnt ákvæði 3. mgr. greinarinnar, sem getur hins vegar ekki átt við hér, enda gildir tilvísun í ofangreint ákvæði aðeins þar sem við á, sbr. 5. mgr. 99. gr. tollalaga 1987 .

Þær sendingar sem um ræðir í úrskurði þessum voru allar tollafgreiddar rafrænt sbr. 3. tl. 5. mgr. 99. gr. þágildandi tollalaga nr. 55/1987.

Með bréfi dags. 14. janúar 2008 var innflytjanda veitt framlenging á fresti til frekari gagnaskila til 3. mars 2008. Í því bréfi var ítrekað að frestur til að koma á framfæri viðbótargögnum/upplýsingum væri til 3. mars 2008, en að loknum þeim fresti yrði úrskurðað í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Bréf barst frá L., umboðsaðila innflytjanda, þann 29. janúar 2008 þar sem m.a. er spurt eftir því hvaða gögn tollstjóri telji sig þurfa til að upplýsa málið. Um ábyrgð á upplýsingum vísast til 32. gr. tollalaga nr. 88/2005 en þar segir m.a. „Innflytjandi, sem sendir tollstjóra aðflutningsskýrslu um vöru með rammaskýti um gagnaflutningsnet vegna SMT- eða VEF-tollafgreiðslu, ber ábyrgð á því að upplýsingar, sem þar eu veittar, séu réttar. Enn fremur ber hann ábyrgð á að fram komi allar þær upplýsingar sem eiga að koma fram vegna tollafgreiðslunnar og að þær séu byggðar á viðeigandi fylgiskjölum sem eiga að liggja til grundvallar aðflutningsskýrslu.“ Sambærilegt ákvæði var áður í 16. gr. tollalaga nr. 55/1987

Þann 11. febrúar 2008 sendi tollstjóri lögmanni innflytjanda, bréf, þar sem vísað var til fyrri bréfa og jafnframt ítrekað að frestur til að skila viðbótargögnum/upplýsingum væri til 3. mars 2008, en að loknum þeim fresti yrði úrskurðað í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Þann 3. mars 2008 barst embættinu tölvupóstur frá lögmanni innflytjanda, þar sem óskað er eftir frekari fresti til að ljúka gagnaöflun. Af hálfu tollstjóraembættisins var ekki um frekari formlegan frest að ræða og verður því úrskurðað í málinu á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

Tollstjóri telur að aðflutningsgjöld af umræddum 26 sendingum hafi ekki verið rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Er á því byggt, eins og að framan er rakið, að við endurskoðun tollaskjala hjá A., sbr. 119. gr. tollalaga nr. 88/2005, kom í ljós að EUR verðmætayfirlýsingar sendinga, voru ófullnægjandi eða yfir verðmætamörkum sbr. reglur um útgáfu EUR.1. flutningsskírteina, EUR-MED flutningsskírteina og yfirlýsinga á vörureikninga í bókun 4, IV. viðauka við EES – samninginn, sbr. Lög nr. 2/1993 um evrópska efnahagssvæðið.

Rétt er að taka fram að tollstjóri sendi innflytjanda A. þrjú bréf vegna fyrirhugaðrar endurákvörðunar og er þessi úrskurður byggður á bréfi um fyrirhugaða endurákvörðun sem var sent til innflytjanda 3. maí 2007.

Ákvörðun hefur verið tekin um að endurávarða aðflutningsgjöld af umræddum sendingum í samræmi við 1. mgr. 99 gr. tollalaga nr. 55/1987.

Þar sem fyrrgreindar sendingar voru upphaflega tollafgreiddar fyrir 1. janúar 2006 gilda tollaLög nr.. 55/1987 um endurákvörðun aðflutningsgjalda, sbr. gildistökuákvæði nýrra tollalaga nr. 88/2005.

Eindagi viðbótarfjárhæðar þegar aðflutningsgjöld eru endurákvörðuð er tollafgreiðsludagur vörusendingar, sbr. 2. mgr. 108. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Um dráttarvexti fer skv. 3. mgr. 108. gr. tollalaga 55/1987, en þar kemur fram að reikna skuli dráttarvexti á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með eindaga og fram að greiðsludegi.

Dráttarvextir til 3. maí 2007 skulu vera þeir sömu og Seðlabandi Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 06 04 4 SE VAG W044

Almennur A- tollur	kr.	18844
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	4617
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	16440

Samtals	kr.	39.901
---------	-----	--------

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar P 150 07 09 4 IS B15 2321

Almennur A- tollur	kr.	2197
XC-vörugjald 15%	kr.	330
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	619
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	1910
<hr/>		
Samtals	kr.	5.056

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar F 307 17 04 4 SE ARN W336

Almennur A- tollur	kr.	18817
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	4610
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	16240
<hr/>		
Samtals	kr.	39.667

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 20 04 4 SE VAG W042

Almennur A- tollur 10%	kr.	8852
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	1795
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	7107
<hr/>		
Samtals	kr.	17.754

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 01 06 4 SE VAG W055

Almennur A- tollur	kr.	15668
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	3838
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	12940
<hr/>		
Samtals	kr.	32.446

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar F 307 17 11 4 SE ARN W177

Almennur A- tollur 15%	kr.	26795
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	6565
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	18718
<hr/>		
Samtals	kr.	52.078

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S ARN 28 09 4 SE VAG W066

Almennur A- tollur 10%	kr.	15231
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	3731

Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	10867
Samtals	kr.	29.829

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 30 11 4 SE VAG W047

Almennur A- tollur	kr.	19753
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	6113
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	24593
Samtals	kr.	38.233

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 17 11 4 SE VAG W032

Almennur A- tollur	kr.	48046
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	11772
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	33185
Samtals	kr.	93.003

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 15 06 4 SE VAG W030

Almennur A- tollur	kr.	15005
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	3677
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	12278
Samtals	kr.	30.960

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar F 315 11 152 4 SE ARN W148

Almennur A- tollur	kr.	7957
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	1950
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	5424
Samtals	kr.	15.331

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar F 307 25 09 4 SE ARN W316

Almennur A- tollur	kr.	23661
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	5797
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	17581
Samtals	kr.	47.039

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 24 08 4 DK AAR A002

Almennur A- tollur 10%	kr.	2746
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	673

Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	2007
Samtals	kr.	5.426

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S ARN 14 09 4 DK AAR A007

Almennur A- tollur 10%	kr.	64196
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	27717
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	54276
Samtals	kr.	146.189

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 20 04 4 SE VAG W040

Almennur A- tollur	kr.	37442
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	9173
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	32058
Samtals	kr.	78.673

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar F 307 11 05 4 SE ARN 6836

Almennur A- tollur 10%	kr.	15498
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	3811
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	13194
Samtals	kr.	32.503

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S ARN 22 06 4 DK AAR A003

Almennur A- tollur 10%	kr.	6251
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	1531
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	5108
Samtals	kr.	12.890

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 29 06 4 DK AAR A002

Almennur A- tollur 10%	kr.	22232
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	5447
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	17863
Samtals	kr.	45.542

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 20 04 4 DK AAR A002

Almennur A- tollur 10%	kr.	15216
Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	3728
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	13036

Samtals kr. 31.980

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S ARN 13 04 4 DK AAR A004

Almennur A- tollur 10% kr. 24228

Virðisaukaskattur 24,5% kr. 5935

Dráttarvextir til 3. maí 2007 kr. 20611

Samtals kr. 50.774

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 02 11 4 DK AAR A004

Almennur A- tollur 10% kr. 2733

Virðisaukaskattur 24,5% kr. 669

Dráttarvextir til 3. maí 2007 kr. 1915

Samtals kr. 5.317

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 15 12 4 SE VAG W041

Almennur A- tollur 10% kr. 4572

Virðisaukaskattur 24,5% kr. 1120

Dráttarvextir til 3. maí 2007 kr. 3109

Samtals kr. 8.801

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 19 10 4 SE VAG W038

Almennur A- tollur 10% kr. 36568

Virðisaukaskattur 24,5% kr. 8960

Dráttarvextir til 3. maí 2007 kr. 26274

Samtals kr. 71.802

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar D 810 17 09 4 GB EMA Z075

Almennur A- tollur 10% kr. 3369

Virðisaukaskattur 24,5% kr. 825

Dráttarvextir til 3. maí 2007 kr. 2413

Samtals kr. 6.607

Vangreidd aðflutningsgjöld vegna sendingar S HEG 05 10 4 SE VAG W055

Almennur A- tollur kr. 143566

Virðisaukaskattur 24,5%	kr.	35172
Dráttarvextir til 3. maí 2007	kr.	103838
Samtals	kr.	282.576

Tollstjóri úrskurðar með vísan til þess sem hér hefur verið rakið, að vangreidd aðflutningsgjöld, ásamt dráttarvöxtum séu kr. 1.220.377,-.

Eins og áður er rakið kærði kærandi úrskurð tollstjóra til ríkistollanefndar með kæru sem móttækin var hjá ríkistollanefnd þann 29. desember 2008. Kærandi telur tollstjóra ekki hafa haft heimild til þess að endurákvæða aðflutningsgjöld 6 ár aftur í tímann, þar sem skilyrði fyrir slíkri málsmeðferð, sem tryggja skyldu réttaröryggi innflytjanda, voru ekki uppfyllt, sbr. 1. málsliður 5. mgr. 99. gr. og 3. málsliður 3. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987. Þá telur kærandi málsmeðferð þessa hafa verið í röngum farvegi frá upphafi, þar sem að rannsóknin hafi átt að fara fram hjá töllyfirvöldum útflutningslandsins, og á útflytjanda, sbr. 33. gr. bókunar 4 við EES-samninginn. Rannsókninni skyldi ekki háttáð þannig að innflytjandi hafi átt að leggja fram sannanir um uppruna vara, sem hann ætti að afla hjá útflytjanda. Kæranda reyndist það enda illmögulegt að svo löngum tíma liðnum frá innflutningi, auk þess sem kærandi hafði engar þvingandi gagnaöflunarheimildir ólíkt töllyfirvöldum útflutningsvaldsins.

Ljóst sé að álagning aðflutningsgjalda á vörur sem almennt séu tollfrjálsar sé verulega íþyngjandi ákvörðun. Við slíka ákvörðun verði tollstjóri að taka tillit til reglna stjórnisýsluréttar m.a. um leiðbeiningarskyldu, málshraða, andmælarétt aðila, auk rannsóknarreglunnar, og síðast en ekki síst meðalhófsreglunnar. Þá segir í kærinni að við ákvörðun tollstjóra hafi ekki verið gætt að þessum atriðum og sé til að mynda ljóst að ekkert tillit hafi verið tekið til þess að hér sé einungis um formsatriði að ræða við innflutning á vörum sem ella væru tollfrjálsar, þar sem þær eigi uppruna sinn á EES-svæðinu.

Af framangreindu má sjá að mati kæranda, að úrskurður tollstjóra frá 11. ágúst 2008, í máli nr. 53/2008, var haldinn verulegum annmörkum. Telur kærandi að annmarkar þessir leiði til ógildingar úrskurðarins.

Þá segir að sé ríkistollanefnd á öðru máli telur kærandi að meðalhófsregla stjórnisýslulaganna leiði til þess að hæfilegt sé að veita kæranda áminningu, í stað þess að endurákvæða aðflutningsgjöldin. Sérstaklega í ljósi þess að andmælaréttur kæranda var gríðarlega takmarkaður, þar sem geymsluskylda gagna samkvæmt 29. gr. bókunar nr. 4 við EES-samninginn var ekki lengur við lýði.

Meti ríkistollanefnd það svo að kæranda beri að greiða gjöld af umræddum sendingum telur kærandi að miða beri greiðslu dráttarvaxta við mánuð frá dagsetningu bréfs tollstjóra, þ.e. frá 21. júní 2007, í samræmi við 3. mgr. 5. gr. vaxtalaga nr. 38/2001.

Kæran var send tollstjóra til umsagnar með bréfi dags. 29. desember 2008. Í svari sem barst nefndinni þann 11. febrúar 2009 hafnar tollstjóri fram komnum rökstuðningi kæranda og krefst embættið þess að hinn kærði úrskurður tollstjóra verði staðfestur.

Kæranda var send umsögn tollstjóra til umsagnar með bréfi dags. 13. febrúar 2009. Í svari kæranda dags. 9. mars 2009 en móttækið 12. mars s.á. er þess krafist að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og fyrri kröfur ítrekaðar.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og aflað gagna og farið yfir málavexti. Mál þetta hófst með því að tollstjóri sótti gögn til kæranda í ágúst 2005 til að skoða innflutning kæranda á vörum á árinu 2004. Eftir rannsókn tollstjóra, bréfa- og tölvusamskipti svo og fundi með kæranda tilkynnti tollstjóri með bréfi dags. 3. maí 2007, um fyrirhugaða endurákvörðun aðflutningsgjalda á nánar tilgreindum 26 vörusendingum sem tollafgreiddar höfðu verið á árinu 2004. Var kæranda jafnframt veittur frestur til andmæla til 17. maí 2007. Athugasemdir tollstjóra eru aðallega að umræddar sendingar hafi ekki uppfyllt skilyrði bókunar 4 við EES samninginn, s.s. að fríðindameðferð vöru sé hafnað, að upprunaland sé ranglega tilgreint, að

fyrirliggjandi EUR yfirlýsing sé ófullnægjandi, að EUR yfirlýsingu og/eða EUR skírteini vanti og að ekki sé um viðurkenndan útflutningsaðila að ræða skv. kröfum bókunar 4.

Í framhaldi af bréfi tollstjóra hófust mikil og langvarandi tölvusamskipti og bréfaskipti milli tollstjóra og kæranda þar sem kærandi biður tollstjóra þrúfaldlega um aukinn frest til að svara bréfi tollstjóra frá 3. maí 2007 um fyrirhugaða endurákvörðun og tollstjóri veitir kæranda ítrekað frest. Það er síðan loks með bréfi dags. 30. nóvember 2007 sem kærandi sendir tollstjóra skrifleg mótmæli við fyrirhugaðri endurákvörðun tollstjóra dags. 3. maí 2007. Það er síðan með úrskurði nr. 53/2008 dags. 31. október 2008, sem tollstjóri endurákrvarðar með rökstuðningi gjöld á umræddar 26 vörusendingar.

Kærandi kærði úrskurð tollstjóra til ríkistollanefndar með kæru dags 19. desember 2008 sem móttækin var hjá nefndinni þann 29 s.m. Kæran var send tollstjóra til umsagnar sem sendi skriflega greinargerð um málið dags. 11. febrúar 2009. Kæranda var send umsögn tollstjóra, þann 19. febrúar 2009 en kærandi svaraði athugasemdum tollstjóra með bréfi til ríkistollanefndar dags.9. mars 2009.

Í framhaldi af því að nefndin hafði fengið allar umsagnir og gögn aðila vegna úrskurðar nr. 53/2008 sendi ríkistollanefnd tollstjóra bréf og óskaði eftir upplýsingum um öll bréfa- og tölvusamskipti sem farið hefðu milli aðila frá því að tollstjóri sendi kæranda bréf sitt dags. 3. maí 2007 um fyrirhugaða endurákvörðun, til að varpa betur ljósi á hið langa samskiptaferli aðila frá bréfi tollstjóra dags. 3. maí 2007 til uppkvaðningu úrskurðar nr. 53/2008 dags. 31. október 2008. Tollstjóri sendi ríkistollanefnd umbeðna samantekt með bréfi dags. 5. febrúar 2009 og viðbótargögn dags.2. mars 2009.

Eftir að hafa farið gaumgæfilega yfir málið telur ríkistollanefnd að málsmeðferð tollstjóra frá því að hann sendi kæranda bréf dags. 3. maí 2007 um fyrirhugaða endurákvörðun sína á gjöldum vegna innflutnings á 26 vörusendingum og uns hann úrskurðaði í málinu með formlegum úrskurði dags. 31. október 2008 sé andstæð tollalögum, sbr. 4. mgr. 114. gr. tollalaga nr. 88/2005, en þar segir: "Úrskurður um endurákvörðun skal kveðinn upp innan 30 daga frá lokum þess frests sem innflytjanda var veittur til þess að tjá sig um fyrirhugaða endurákvörðun. Innflytjanda skal tilkynnt um úrskurð með ábyrgðarbréfi." Í eldri tollalögum sbr. lög nr. 25/1987, sbr. breyting með lögum 81/1998 er sambærilegt ákvæði í 4. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 25/1987. Hin langa málsmeðferð eða í u.p.b.17 mánuði frá fyrirhugaðri endurákvörðun er einnig að mati ríkistollanefndar í andstöðu við góða stjórnsýslu. Ákvæði tollalaga eru alveg skýr og ófrávíkjanleg.

Tollstjóri hefur í raun mjög rúmar heimildir að vissum skilyrðum uppfylltum til þess að endurákrvarða gjöld allt að sex ár aftur í tímann talið frá tollafgreiðsludegi vöru. Eins og ríkistollanefnd hefur áður tjáð sig um ber hins vegar að mati nefndarinnar að beita þessari víðtæku heimild með varúð. Þegar tollstjóri sendir hins vegar kæranda bréf um fyrirhugaða endurákvörðun og tilgreinir lögum samkvæmt ákveðinn frest til andsvara þá hefur tollstjóri lögum samkvæmt 30 daga talið frá þeim fresti til að kveða upp úrskurð sinn. Þennan frest getur tollstjóri ekki framlengt hvorki með formlegum né óformlegum hætti. Það liggur í hlutarins eðli að tollstjóri á ekki að senda aðila bréf um fyrirhugaða endurákvörðun gjalda nema málið hafi verið rannsakað vel og liggi ljóst fyrir á þeirri stundu að formlegur úrskurður um endurákvörðun muni eiga sér stað. Það ætti m.ö.o. að heyra til undantekninga ef andmæli kæranda við fyrirhugaðri endurákvörðun eiga að leiða til þess að tollstjóri hætti við fyrirhugaða ákvörðun sína um endurákvörðun gjalda, enda fer öll rannsókarvinna og undirbúningsvinna við fyrirhugaðan úrskurð fram áður en tollstjóri sendir bréf um fyrirhugaða endurákvörðun. Það að senda kæranda bréf um fyrirhugaða endurákvörðun er hins vegar eðlileg regla sem á að tryggja það að kærandi geti komið að sínum sjónarmiðum og andmælum áður en fullnaðarúrskurður er kveðinn upp af tollstjóra.

Vegna þess hvernig mál þetta er vaxið þykir ekki ástæða til að fara efnislega ofan í einstakar athugasemdir tollstjóra við tollafgreiðslu viðkomandi vörusendingar, né þykir ástæða til að skoða andmæli kæranda efnislega. Almennt séð er hins vegar rétt hjá tollstjóra að innflyjandi ber fulla ábyrgð á því ef hann nýtir sér ívilnanir eins og EUR tollmeðferð, þá verða að vera til staðar gögn sem sem sanni uppruna vöru í samræmi við lög og reglur hverju sinni. Kærandi verður því að gæta þess að öllum formskilyrðum sé fullnægt. Hann verður líka að tryggja það

Í pappírslausri tollmeðferð vöru að hann geti framvísað gögnum sem sýni fram á uppruna vöru með óyggjandi hætti.

Með vísan til framanritaðs er það niðurstaða ríkistollanefndar að hinn kærði úrskurður tollstjóra nr. 53/2008 skuli felldur úr gildi. Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð með vísan til 1. mgr. 118. gr., sbr. 114. gr. tollalaga nr. 88/2005 er hinn kærði úrskurður tollstjóra nr. 53/2008, um endurákvörðun gjalda af alls 26 sendingum felldur úr gildi.